

Alþingi
Erindi nr. P 128/200
komudagur 20.11.2002



Alþingi
Hildur Njarðvík, nefndarritari
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 18. nóvember 2002
Tilvísun: 2002110017

Efni: Frumvarp til sveitarstjórnalaga, 15. mál, íbúáþing. Íbúáþing í Garðabæ

Bæjarráð Garðabæjar fjallaði um bréf yðar á fundi sínum 12. nóvember sl. Bæjarráð gerir ekki sérstaka athugasemd við frumvarpið en samþykkti að senda félagsmálanefnd Alþingis upplýsingar um framkvæmd, niðurstöður og kostnað íbúáþings sem haldið var nýlega hér í bæ. Upplýsingarnar eru sendar til fróðleiks og geta ef til vill auðveldað nefndinni að meta kostnaðaráhrif frumvarpsins fyrir sveitarfélögin.

Íbúáþing var haldið í Garðabæ laugardaginn 19. október sl. Íbúáþingið var haldið í tengslum við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins sem vinna er að hefjast við. Garðabær samdi við fyrirtækið Alta um framkvæmd þingsins og sáu starfsmenn þess um að stýra þinginu og um fyrstu úrvinnslu niðurstaðna. Á íbúáþinginu var notuð aðferð sem kallast samráðsskipulag og Alta hefur sérhæft sig í hér á landi í samstarfi við breska fyrirtækið John Thompson & Partners. Með samráðsskipulagi er reynt að tryggja að allir hafi jafna möguleika á að tjá sig. Unnið er í umræðuhópum þar sem þinggestir tjá sig skriflega og í skipulagshópum þar sem unnið er að skipulagi yfir kortum.

Ríflega 200 manns komu á íbúáþingið í Garðabæ. Fyrir þingið var unnið með um það bil 40 9 ára börnum í Flata- og Hofsstaðaskóla sem fengu tækifæri til að setja fram sína drauma og framtíðarsýn.

Kostnaður við þingið var um það bil 5,5 milljónir og er þá meðtalinn kostnaður við auglýsingar, prentun og leigu á sölum.

Fyrstu niðurstöður þingsins voru kynntar á opnum fundi þriðjudagskvöldið 22. nóvember. Að fundinum loknum var dreift blaði, sem fylgir hér með, með helstu niðurstöðum þingsins. Íbúáþingið í Garðabæ skilaði áhugaverðum niðurstöðum og hefur bæjarstjórn þegar ákveðið að fela skipulagsnefnd að greina þær betur, sérstaklega hvað varðar þéttingu byggðar vestan Hafnarfjarðarvegar og í miðbænum.

Virðingarfyllst,

Guðfinna B. Kristjánsd.

Guðfinna B Kristjánsdóttir
upplýsingastjóri Garðabæjar